

Dalalæðan

1. tbl. 33. árg. 24. janúar 2020



SVO KEMUR SUMAR

Ljósmynd: Ólafía Bjarnadóttir

AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í Reykjadal
fimmtudaginn 20. febrúar klukkan 20:00

Dagskrá:

- ✓ Ársskýrsla stjórnar.
- ✓ Reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- ✓ Kosning stjórnar og endurskoðanda.
- ✓ Lagabreytingar.
- ✓ Önnur mál.

Fjölmennum - Stjórn Víghóls

LEIÐARI

- Dalalæðan í 33 ár

- Þróun byggðar í Dalnum snertir okkur öll.



Lífið í Mosfellsdal stóð í stað frá landnámi og fram að upphafi síðustu aldar. Það voru tíu bæir við landnám og ellefu þegar Halldór Laxness hélt út í heim. Þá kom kippur með akuryrkjunni, en nú stendur dalurinn á tímamótum. Sauðfjárnúskapur hefur lagst af og aðeins mjólkaðar kýr á Hrisbrú. Fram undan er uppbygging íbúðarhúsa sunnan Þingvallavegar. Dalurinn mun smátt og smátt hætta að vera „sveit“ og verða úthverfi.

Í leiðara Dalalæðunnar frá 2008 fjallar ritstjórinn, Bjarki Bjarkarson, um byggðapróun dalsins og aðalskipulag. Þar er dalnum skipt í tvennt, - norðan Þingvallavegar skal vera landbúnaðar svæði og útivistarsvæði. Sunnan vegar á að vera blönduð byggð og frístundabúskapur á eins hektara lóðum. Svo kom hrúnið og framtíðin var sett í salt.

Áratug síðar var skipulagið dregið upp úr þæklinum og sett í gang. Sunnan vegar eru fjórar byggingar í startholunum og fleiri á teikniborðinu. Norðan Þingvallavegar er að rísa stærsta gróðrarstöð landsins, hátækni undur með tilheyrandi yfirbyggingu og starfsmannahúsum. Fyrirnefndar framkvæmdir falla allar undir öll skilyrði skipulagsins og að sögn starfsmanna bæjarfélagsins, hefur verið farið í einu og öllu eftir leiðbeiningum allra áætlana.

Af þeim sökum er hvorki hægt að vera undrandi né leiður.

Hugmyndir um hringtorg, göng og tengivegi eru ófjármagnaðar og varla á dagskrá. Umræðan um endurbætur á Þingvallaveginum var mikil, skiptar skoðanir og jafnvel almenn reiði. Án fjármagns er málið dauft, að minnsta kosti í bili.

Og þangað til stóru plönin verða sett aftur á borðið, þá má spyrja hvort lokið verður lagningu stígs þannig að hægt sé ganga og hjóla í gegnum Dalinn, án þess að skriða meðfram Þingvallaveginum. Sú umbót er í núverandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar og er eldri en hugmyndir um hringtorg.

Hvatningarorð Bjarka frá 2008 eru enn í fullu gildi: „...það er full ástæða til að hvetja Dalbúa til að fylgjast vel með allri framvindu mála og hafa áhrif á umræðuna og ákvarðanatöku því þróun byggðarinnar hér í Dalnum snertir okkar öll“.

Við verðum að fylgjast með, jafnvel berjast fyrir okkar hagsmunum. Nú stendur fyrir dyrum að yfirfara aðalskipulag bæjarins og fram undan er aðalfundur VÍGHÓLS, 20. febrúar 2020. Mætum sem flest á fundinn og látum skipulagsfólk bæjarins vita hvað við viljum. Það heitir íbúalýðræði. Borgum árgjaldið og greiðum atkvæði.

WWW.MOSFELSDALUR.IS

ANNÁLL ÁRSINS 2019

- Guðbergur Guðbergsson, formaður VÍGHÓLS



Stjórn VÍGHÓLS kom að ýmsum málum á árinu 2019.

Á aðalfundi VÍGHÓLS kom fram að mikill meirihluti dalbúa vill áfram blandaða landnotkun sunnan Þingvallavegar, þar sem hver lóð verður ekki minni en sem nemur einum hektara lands. Undirskriftarlisti um áskorun til skipulagsnefndar bæjarins var gerður í sumar og var einnig rafrænn listi sem enn er hægt að skrifa undir.

Þá var farið fram á að gerðir yrðu göng og hjólastígar innan hverfis í dalnum og er það komið í ferli.

Uppsetning öryggismyndavéla er komin í útboð, sem miðast við gangsetningu á þessu ári.

Stjórnin kom á framfæri við bæjarstjórn að göngustígurinn meðfram Þingvallavegi yrði oftari mokaður.

Ljósleiðarar í öllum hús í dalnum er eitt af meginverkefnum stjórnar og er það í ferli.

Sótt var um styrk og hann fékkst, en ekkert bólar á ljósleiðaranum.

Brunahanar í Mosfellsdal eru ekki í samræmi við reglugerðir, allt of langt er á milli þeirra og ekki er nægt vatn til staðar. Gerð hefur verið athugasemd til Mosfellsbæjar um þetta mál, okkur er sagt að þetta verði lagað en engin tímasetning. Höfum við sent inn fyrirspurn bæði til Slökkviliðs og Mannvirkjastofnunar vegna þessa. Biðjum við því ykkur um að huga að eigin brunavörnum og hafa reykskynjara og slökkvítæki á hverju heimili.

Fyrir jól bauð Skógrækt Mosfellsbæjar Dalbúum að höggva eigin jólatré á kostakjörum, mættu fulltrúar VÍGHÓLS með heitt súkkulaði, smákökur og kveiktu eld til þess að ylja okkur við eftir að hafa fundið sér falleg tré.

Heimasíðan mosfellsdalur.is er í uppfærslu. Olla hefur tekið að sér hlutverk vefstjóra og ýmislegt nýtt og skemmtilegt er á döfinni.

*Takk fyrir árið fyrir hönd VÍGHÓLS,
Guðbergur Guðbergsson*

Dalalæðan

1. tbl. 33. árg. 24. janúar 2020.

Útgefandi: Íbúasamtökin VÍGHÓLL Mosfellsdal.

Ritstjórar og ábyrgðarmenn:

Halldór Þorgeirsson og Guðný Halldórsdóttir.

Auglýsingar: Jóhannes Þór Hilmarsson.

Forsíðumynd: Ólafía Bjarnadóttir.

Umbrot & Prentun: ARTPRO Prentþjónusta.

Prófarkalestur: Rakel Baldursdóttir.

Dalalæðan er prentuð í 300 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

ÞORRABLÓT 2019

- Nokkrar svipmyndir



ÞORRABLÓT

Þorrablót Dalbúa verður haldið 31. janúar í Harðarbóli

Miðaverð kr. 7.700.-

Húsið opnar kl. 19.00

Borðhald hefst kl. 20.00

Brak og Brestir – happadrætti – opinn bar / eigin veigar
hljómsveitin Kopar spilar

Nánari upplýsingar má finna á facebooksíðunni *Íbúar í Mosfellsdal*

STÓRAFMAELI 2020

Eftirtaldir Dalbúar fagna stórafmæli á árinu

95 ára

Guðrún Tómasdóttir, Brennholti 13. apríl

90 ára

Skúli Skarphéðinsson, Röðli 18. desember

85 ára

Herdís Gunnlaugsdóttir, Helgadal 22. febrúar

75 ára

Ásgeir Indriðason, Víðigerði 27. júní

Guðrún Vilborg Karlsdóttir, Sigtúni 5. maí

Logi Þ. Jónsson, Selvangi 1. maí

Valur Þorvaldsson, Minna-Mosfelli. 15. apríl

70 ára

Auður Eiríksdóttir, Laugabóli II 17. júlí

Grímhildur Hlöðversdóttir, Helgadalsvegi. 29. október

Kolbrún K. Ólafsdóttir, Brávöllum 21. september

Helga R. Ragnarsdóttir, Norður-Reykjum II 5. febrúar

Rúnar Jakobsson, Norður-Reykjum II 4. maí

60 ára

Guðbergur Guðbergsson, Roðamóa 21. ágúst

Halldór Þorgeirsson, Melkoti 25. janúar

50 ára

Birta Jóhannesdóttir, Skuld 11. febrúar

Erlingur Erlingsson, Reykjadal. 2. maí

Helgi Már Karlsson, Hlöðunni. 6. ágúst

Hjalti Skúlason, Röðli 15. janúar

Jóhanna Kjartansdóttir, Hraðastöðum 5. júlí

Ragna Fróðadóttir, Dalsgarði 26. desember

Sigurður Gunnarsson, Hraðastaðavegi 4. febrúar

Tryggvi Sch. Thorsteinsson, Árvangi 8. september

Una Björk Ómarsdóttir, Laugabóli 1. október

Dalalæðan óskar þessu ágæta fólki gæfu og hamingju

15 DRENGIR VERÐA Í TJALDANESI Í VETUR

– Úr Morgunblaðinu 9. október 1969



Fyrir hálfu sjöunda ári komu saman nokkrir menn, sem höfðu áhuga á málefnum vangefna, til þess að ræða á hvern hátt þeir gætu bezt hjálpað vangefnum börnum. Áður en fundi lauk höfðu þeir stofnað formlegan félagsskap og lagt fram 1800 krónur. — Þessar 1800 krónur eru upphafið að Barnaheimili vangefna í Tjaldanesi í Mosfellssveit, en í vetur munu dveljast þar 15 drengir og hefur heimilið þá náð þeirri stærð, sem upphaflega var ætlað. Fór eiginleg vígsla heimilisins fram í gær að viðstöddum fjölda gesta. En þótt húsakostur heimilisins sé nú orðinn sá sem upphaflega var gert ráð fyrir, er margt eftir ógert og margar skuldir ógreiddar. Því hefur stjórn heimilisins ákveðið að efna til happdrættis og er aðalvinningurinn íbúð í Reykjavík.

Gestum voru sýndar byggingarnar í Tjaldanesi í gær, og það sem athygli vakti var það, hve allt er hlýlegt og heimilislegt og fjarri því að bera svip ópersónulegrar stofnunar. Drengirnir voru fúsir að sýna herbergin sín, en annars sátu þeir og sungu við gítarundirleik einnar starfsstúlkunnar meðan gestir skoðuðu staðinn. Friðfinnur Ólafsson (forstjóri Háskólabíós) hafði orð fyrir stjórn barnaheimilisins

og flutti þakkir öllum þeim einstaklingum og félagasamtökum, sem stutt hefðu þessa starfsemi með fjárframlagi og á annan hátt. Án þess stuðnings væri barnaheimilið í Tjaldanesi ekki það, sem það er nú. Kostnaðurinn við framkvæmdirnar er orðinn um 7 miljónir krónur en enn er margt ógreitt og ógert. T.d. er eftir að ganga frá leiktækjum og öðru utanhúss og brýn nauðsyn er á að byggðir verða vinnuskálar, þar sem aðstaða verður til þess að stunda verklega kennslu við hæfi drengjanna. Friðfinnur Ólafsson vakti á því athygli að þótt þarna væri nú risið heimili fyrir 15 vangefna drengi þá væri það ekki nema lítill áfangi á langri leið því að enn væru um 200, sem hefðu þörf fyrir vist og kennslu á slíku heimili. Því væri ærið verkefni fram undan fyrir þjóðfélagið og alla þá, sem vilja hjálpa vangefnum til aukins þroska og betra lífs.



Árið 2004 var heimilið leyst upp og strákunum komið fyrir í sérbýlum.

Í HÚSI AFA OG ÖMMU

– Svava Björk Ásgeirsdóttir, Víðigerði

Það er merkilegt að búa í húsi ömmu og afa, og það fallegasta bragganum á landinu. Við Kristmundur fluttum hingað í desember 2008, eftir að amma Svava brá búi. Það voru ófáar ferðirnar sem við rúntuðum barnlaus upp í dal og létum okkur dreyma um að búa hér. Nú eigum við þrjú börn og alltaf líf og fjör í bragganum í Víðigerði. Það eru þvilík forréttindi fyrir börn að alast hér upp og erum við afar þakklát fyrir það. Hugmyndaríkir krakkar sem skortir ekki verkefni og hafa fengið að upplifa náttúruna hér allt um kring og lífið með dýrum sem er ómetanlegt fyrir þau. Þau munu án efa búa að því alla ævi.

Hundar og hestar skipa stóran sess í okkar daglega lífi og er okkar sameiginlega áhugamál. Við ræktum ástralska fjárhunda, mjög kraftmiklir, greindir og duglegir hundar sem elska fjölskylduna sína meira en allt. Þeir eru þekktir fyrir fjölbreytta liti og má segja að engir tveir séu eins. Þegar við kynntumst tegundinni féllum við fljótt fyrir henni og gætum ekki hugsað okkur húsið án ástralska fjárhundsins.



Víðigerði

Varðandi braggann okkar að þá er það mjög sérstök tilfinning að búa í þessu húsi, húsi forfeðranna og höfum við reynt að halda í allt það upprunalega eins og hægt er. Okkur þykir afskaplega vænt um þenn-



Svava Björk Ásgeirsdóttir, Víðigerði

an stað og þetta hús. Virðing fyrir því gamla er eitthvað sem fleiri mættu taka til eftirbreytni. Það þarf ekki allt að vera nýtt. Andi ömmu og afa svífur hér yfir alla daga og stundum er eins og kaffi ilmurinn úr eldhúsinu hennar ömmu leggi yfir allt saman. Mosfellsdalurinn er alger paradís á jörð, stutt í allar áttir og náttúran við hvert fótspor. Það er einlæg von okkar að dalurinn fái óáreittur að halda sínum sjarma í framtíðinni, hér verði áfram sveitastemning og að fólk geti hér búið í sveitasælu með búskap og garðrækt í nábýli við falllegu náttúruna allt um kring.

Hrossaræktunarbúið
ÓLAFSHAGI
...á horninu

SKRIFAÐ UM HEIÐINA



Jón Svanþórsson, Margrét Sveinbjörnsdóttir, Bjarki Bjarnason og Kolur.

Ný Árbók Ferðafélags Íslands fjallar að mestu um Mosfellsheiði. Þeir Jón Svanþórsson og Ómar Smári Ármannsson báðir lögreglumenn, hafa til margra ára gengið heiðina, rakið sig eftir vörðum, hnitsett þær og skrifað leiðarlýsingar á vefinn ferlir.is. Í samvinnu við Bjarka Bjarnason frá Mosfelli og Margréti Sveinbjörnsdóttur frá Heiðarbæ, sem eru alin upp hvort sínu megin heiðarinnar, varð úr glæsileg úttekt,

ekki einungis á landsvæðinu sem slíku heldur einnig sögulegum fróðleik sem snertir Mosfellsheiði frá fornu fari.

Bjarki hefur við skrifin og ferðirnar orðið ástfanginn af heiðinni sjálfri og e.t.v. ekki einn um það. Hann sendi frá sér ljóðabókina „Heiðin – myndarleg ljóð“. Mjög einlæg og falleg ljóð með ljósmyndum sem hann tók á ferðum sínum.

EINS OG KAMAR



Oltinn á Ásunum.

Ásarnir taka sinn toll. Einkennilegur bretavegur yfir hæð, sem er óþarfi. Áður var farið með fram Köldukvísl. Deiliskipulag vegar í gegnum Mosfellsdal ætti ná frá Vesturlandsvegi að Grænuþorg. Allt annað er hjóm og bútasamur. Eins má nefna svokallað bæjarhlið, sem átti að minna ökumenn á að byggð væri fram undan. Eitt hlið er komið undir Úlfarsfelli, sem af einhverjum ástæðum lítur út eins og kamar.

LAMBHAGI BYGGIR Á LUNDI



Þessum merku framkvæmdum er lokið. Það er aðeins þriðjungur kominn.

Engum í dalnum dylst gróðrarstöðin sem verið er að reisa á Lundi. Það er Hafberg í Lambhaga sem er að byggja stærstu gróðrarstöð landsins. 7000 fm. eru þegar komnir, en alls verður stöðin 22.000 fm. að stærð. Þegar ræktunin er komin í gang, kemur ekki mannleg hönd þar nærri, allt sjálfvirk og stjórnað með flóknnum vélbúnaði. Hafberg mun einungis rækta salat í stöðinni, úr eðalfræjum

sem munu njóta mikils loftrýmis að verða að plöntum, en mikil hæð á gróðurhúsum kemur í veg fyrir raka og myglu. Nokkur starfsmannahús munu rísa á Lundi, auk þess sem Hafberg og fjölskylda hans ætla að byggja sér framtíðarheimili þar.

„Hef ekki hækkað verð á salati í mörg ár“, segir Hafberg, brattur og bjartsýnn á framtíðina í dalnum.

BRAKANDI FERSKT SALAT

Lambhagi

Í fararbroddi í salatframleiðslu!

Lambhagi hefur um áttu verið í fararbroddi í samframleiðni á Íslandi. Þryggtu og nýtt verð framleidd í þessum áttu eru bestu möglegu þessi í þessu að reista tilgáða vöru við bestu aðstæður. Engu eftirþreiu eru notað við framleiðslu Lambhagisálata. Framleiðslan fer fram á yfir 6.000 fermetrum áttu áttu hring við skilyrði sem tryggja hámarksgeðli.

ER JÖRÐIN ÞOLINMÓÐ ?

- Ásgeir Pétursson á Dalsbúi Helgadal



Loðdýrabóndinn Ásgeir Pétursson á Dalsbúi í Helgadal er duglegur talsmaður þess að við göngum vel um plánetuna okkar. Ásgeir skrifar reglulega fróðlegar greinar í Bændablaðið þar sem hann bendir á margar sláandi staðreyndir. Svo sem um sýklalyfjanotkun í landbúnaði, notkun illgresis- og skordýraeyðis í grænmetisrækt svo eitthvað sé nefnt.

„Íslenskir bændur nota bænda minnst af lyfjum og skordýraeitri í sinni framleiðslu. Örplastmengun hafsins er okkur mikið áhyggjumál, miklu stærra áhyggjumál en tískuumræðan um hlýnun jarðar. Þetta þekki ég sem fyrrverandi sjómaður“. segir Ásgeir.



FRESTAÐ

Til stóð að Dalfélagið Víghóll hittist í Gvendarreit s.l. sumar til gleði og uppgræðslu. Við nánari athugun kom í ljós að ekki er hægt að halda samkomu þar lengur vegna umferðarþunga.

Þar sem ekkert bílastæði fylgir reitnum, er heldur glannalegt að safna saman fólki þarna. Því verðum við að kippa í liðinn.



Gvendarreitur 1996. Bjarni Bjarkason með boltann.

FER EKKI LANGT ÁN PENSLANNA

Ég byrjaði að fíkta við strigann upp úr fimmtugu og var fyrst mikið í abstrakt. Svo þróuðust málin og ég vissi ekki fyrr til, en rómantískur neisti leyndist með mér. Ég mála fyrst og síðast Dalinn, vakinn og sofinn. Í vor ætla ég að halda útisýningu í Mosskógum. Verkin mín eru stór og henta vel á stærri heimilum, sem hafa takmarkað útsýni.



Halldór Þorgeirsson í Melkoti

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA



Réttir þar sem Jónstótt er nú. Sennilegast 1958. Hraðastaðir sjást í bakgrunni. Í forgrunni er Rúna frá Seljabrekku.



Fyrsta Þorrablót Dalbúa í Hlégarði. Sr. Bjarni, Aðalbjörg og Keli.



Fróði í Dalsgarði, sem hefðu orðið 75 ára, að hefja gandreið. Guð geymi hann.



Kjartan á Hraðastöðum, áður en hann byggði sér hús, áður en hann flutti í Dalina. Er kominn heim.

SVIPMYNDIR ÚR LÍFI OG STARFI DALBÚA ÁRIÐ 2019



Norrænir forsætisráðherrar fá kaffisopa í Glfúfrasteini. Löggurnar fengu ekkert.



Disa í Helgadal hugsí. Enda stendur mikjið til.



Ásgeir, Emma, Briet & Diana ásamt Brúnó & Gucci á Æsustaðafelli.



Skötuveisla í gróðurhúsi.



„Blúshjómsveit Þorkels Jóelssonar og félagar“
- Hlynur, Keli, Jói & Gummi.



Gisli og Jói á markaðnum.
Hver er að skamma þá?



Einsi, Viborg Dagbjarts & Bryndís Schram á markaðnum.



Allir sultuslaktir.



Einmana gæðingur á Horninu.



Tveir kunningjar á beit.



Hvers vegna að aka upp Ásana, frekar en á jafnslettun?

HREINN SÓTTUR HEIM

– Hreinn Ólafsson



Hreinn Ólafsson

Hreinn Ólafsson (f.1934) er borinn og barnfæddur í Mosfellsdal og hefur búið myndarbúi í Helgadal allt frá því 1966, sama ár og faðir hans féll frá. Hreinn fæddist á Laugarbóli, sonur Ólafíu Andrésdóttur frá Hrísrú, en faðir hans Ólafur Gunnlaugsson var ættaður vestan úr Álftafirði. Laugaból var nýbýli úr landi Hrísrúar og var byggt 1931. Bræður Hreins, þeir Erlingur í Reykjadal og Andrés á Laugarbóli voru báðir garðyrkjumenn, eins og faðirinn og snyrtimennska hefur lodað við þá bræður og starfsemi þeirra alla tíð. „Snyrtimennskan kemur að vestan frá þabba, úr Djúpinu “segir Hreinn, sem nú hyggst bregða búi í Helgadal.

Með aðstoð föður og bræðra Ólafs, byggði hann Laugarból, tvílyft hús og gróðurhús og gerði garðyrkju að sínu lífsstarfi, ræktaði grænmeti í görðunum sem voru heitir, en aðal áherslan var lögð á blómarækt. „Ég get aldrei skilið hvernig pabbi gat byggt þetta hús í allri þeirri fátækt sem þá var. Það var ekkert þarna, ég veit ekki hvar þeir sváfu eða borðuðu, það þarf mat ofan í fimm kalla. En einhvern veginn gekk allt upp á endanum og

honum vegnaði vel með gróðrarstöðina, ók með afurðirnar sjálfur til Reykjavíkur. Á veturna steypiti hann blómapotta í gróðurhúsinu. Pabbi skipti svo oft um bíla að ég vissi aldrei hvort það væri nýr bíll á hlaðinu eða kominn gestur”. Ólafur var félagslyndur og var m.a. einn af stofnendum Sölufélags Garðyrkjumanna og Karlakórsins Stefnis. Sagt var að fáeinir garðyrkjubændur hafi haldið hér uppi sveitasjóðnum með útsvari sínu, því þetta var eina atvinnugreinin sem gaf eitthvað af sér.

Hreinn rak fjárbú, var með 400 kindur þegar mest var, en minnkaði við sig og fór alfarið út í tamningar og hestamennsku um miðjan tíunda tug síðustu aldar. Um tíma var rekið hestahótel í Helgadal fyrir þá sem vildu að gæðingum þeirra væri vel sinnt. „Það var orðið of margt fé hér, og mikill tími og fjármunir fóru í að halda girðingum við, því hvort sem þú ert með tvær rollur eða hundrað, þarftu að girða þær af.” Árið 1995 í miklu rigningaveðri varð eldsvoði í Helgadal, bæði fjósið og hlaðan brunnu, en tókst að bjarga íbúðarhúsinu. Það hafði sitt að segja og Hreinn endurbyggði útihúsin með áherslu á



Helgadalur

hrossabúskap. „Hér áður fyrr voru um 20 bæir með mjólkurframleiðslu en með tímanum lögðust af mjaltir og garðyrkjan tók yfir. Það voru gróðurhús á flestum bæjum, Varmalandi, N-Reykjum, Æsustöðum, Laugabóli, Reykjahlíð, Árvangi og Dalsgarði.” En síðan hefur margt breyst, gróðrarstöðvarnar orðnar færri og stærri.

En hvað finnst Hreini vera stærsta breytingin á öllum þessum árum hér á milli fellanna? „Stærsta breytingin er hve trjágróðurinn er orðinn mikill og margir lagt þar hönd á plóg. Það þýðir að veðurfar hefur breyst hér og í miðjum dalnum er nánast logn allt árið. Við höfum plantað mikið hér í Helgadal og á síðasta ári plöntuðu krakkarnir mínir 4000 trjáplöntum hér í fjallið, sunnan við bæinn, milli gilja, á spildum sem við gáfum þeim.

Hestamennskan er líka á undanhaldi eins og hún var og hét, færri á gæðingum í útreiðatúrum en áður, en hestaleigur fyrir ferðamenn hafa tekið yfir og eru nokkrar slíkar reknar hér í dalnum”.

Hreinn og Herdís hafa fest kaup á íbúð á Hlaðhömrum, þar sem margir Mosfellingar af þeirra kynslóð hafa sest að.

Ekki er í kot vísað á Hömrum, þar sem gamlir sveitungar hittast og rifja upp gamla tíma og rökræða framtíðina. Það eru engar vöflur á Hreini, frekar en fyrri daginn, þegar hann er spurður hvort hann muni ekki sakna dalsins. „Það verður bara að gera það sem þarf að gera. Ég flyt niður í sveit, til þess eins að verða fluttur aftur upp í dal”.

Dalalæðan óskar þeim Hreini bónda og Herdísí góðs gengis í nýjum heimkynnum.

PÓSTLISTI VÍGHÓLS

Stjórn Víghóls er að koma upp póstlista sem hægt er að nýta fyrir tilkynningar.

Heimasíða er tilbúin og hvetjum við Dalbúa að hjálpa okkur að halda henni virkri með fróðleik og skemmtiefni.

Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

vigholl@mosfellsdalur.is

Heimasíða:

www.mosfellsdalur.is

TIL MINNINGAR UM

ERLING ÓLAFSSON

f. 23.12.1942 - d. 15.11.2019



Erlingur fæddist í Reykjavík 23. des. 1942. Hann lést 15. nóv. 2019.

Erlingur stundaði nám í logsuðu við Verkmenntaskólann í Reykjavík og vann við garðyrkjustörf hjá foreldrum sínum ásamt öðrum störfum þar til þau hjónin keyptu garðyrkjustöðina Reykjadal í Mosfellsdal árið 1965. Þar ólu þau upp börn sín og unnu að uppbyggingu gróðrarstöðvar og lystigarðs. Erlingur var einn stofnenda Björgunarsveitarinnar Kyndils árið 1968. Hann var formaður sveitarinnar fyrstu sextán árin og var hann sæmdur gullmerki Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Við Erlingur Ólafsson ólumst báðir upp í Mosfellsdalnum, hann nokkrum árum eldri en ég þannig að hann var einn af stóru strákunum í dalnum þegar ég var polli. Seinna áttum við eftir að bindast fjölskylduböndum. Ég man líka að hann átti alltaf flottasta hjólið í dalnum sem við hinir strákarnir öfunduðum hann af, seinna átti hann eftir að eignast marga flottustu bíla í Mosfellssveit og þótt víðar væri leitað enda annálaður bíladelphukall. Hann gerði upp fleiri bíla en tölu er á komandi; keypti algjörar druslur sem hann gerði á nokkrum mánuðum að eðalvögnum og seldi með ágætis hagnaði. Hann átti líka flottasta bílnúmer í Mosó, G-11, það fór því ekki fram hjá nokkrum manni ef Erlingur var á ferðinni.

Þegar hann var orðinn garðyrkjubóndi í Reykjadal ræktaði hann rósir á daginn og gerði upp bíla á næturnar og í frítímum. Erlingur var einn af stofnendum björgunarsveitarinnar Kyndils í Mosfellssveit og

formaður hennar í mörg ár. Starfið í Kyndli fór ágætlega saman við bíladelluna og ferðalög til fjalla á breyttum jeppum veittu líka mikla ánægju, hvort sem það var sem björgunarsveitarmaður eða bara góð fjallaferð með fjölskyldunni. Fjallaferðirnar urðu margar og hann fór víða um hálendi landsins sem hann þekkti allvel.

Erlingur rak gróðrarstöðina í Reykjadal í yfir 50 ár. Þar ræktaði hann blóm og tók öll fjölskyldan meira og minna þátt í allri vinnu í stöðinni. Í Reykjadal var líka stór og fallegur garður sem þau hjón Erlingur og Helga Kristjánsdóttir komu sér upp og kostaði ómælda vinnu sem þau höfðu ánægju af. Það var alltaf gaman að setjast niður með Erlingi yfir góðum kaffibolla og rifja upp liðna tíma í Mosfellsdal, hann hafði góðan húmor og frásagnargáfu og kunni ógrynni af spaugilegum sögum af mönnum og málleysingjum sem gaman var að hlusta á. Nú verða þessar spjallstundir ekki fleiri en munu lifa í minningunni um ókomna tíð.

Við fjölskyldan þökkum fyrir góðar stundir í gegnum árin og vottum fjölskyldu Erlings Ólafssonar innilega samúð.

Birgir Sigurðsson

TIL MINNINGAR UM

BARRY ANDREWS

f. 02.11.1941 - d. 20.01.2019



Barry Andrews í Bókfelli var fæddur í Bretlandi 2.nóv. 1941 og lést 20. jan. 2019. Barry var giftur Ingibjörgu Ásgeirsdóttur og áttu þau tvö börn, Eyjólf, sem býr í Bretlandi og Hönnu Láru, sem er bóndi undir Eyjafjöllum.

Í einni af gönguferðum mínum rakst ég á hjónin Ingibjörgu og Barry Andrews, sem voru nýflutt í Dalinn í glæsilegt hús, sem þau höfðu reist sér. Bókfell. Við tókum tal saman og geðjaðist mér strax vel að þeim. Nokkru síðar í öðrum göngutúr var blístrað hressilega af svölum hússins. Var þar að verki Barry. "Come in and have some english beer wich I was brewing, I know you will like it." Þessu hlýddi ég og sat ég hjá þeim drykklanga stund. Fljótlega snerist umræðan út í veiðiskap. Kom þá í ljós að hann var mikill stangveiðimaður bæði til sjós og lands. Upp úr því fórum við margar veiðiferðir í ónefnda tjörn og sprænur í nágrenninu. Einnig fór hann með mér út á Faxaflóa að moka upp þorski á trillu, sem ég á hlut í. Við þetta kynntist ég mannum mjög náið og urðum við hinir mestu mátar.

Barry átti að baki glæstan leikaraferil á Bretlandi, en vildi lítið ræða það. Í rölegheitum með flotholtið damlandi tókst mér þó að fiska ýmislegt upp úr honum. Kom þá í ljós að hann hafði unnið með aragrúa þessara heimsfrægu. Allt frá áframmyndunum upp í James Bond. Einnig kom í ljós að hann var búddisti. Spunnust af því skemmtilegar umræður. Sjálfur er ég ekki mikill trúmaður, trúi helst á grasið sem grær, samt áttum við margt sameiginlegt. Barry var ekkert sérstaklega mann-

blendinn enda farinn að eldast og heilsan ekki sem best. Þó man ég eftir einu skipti sem við buðum þeim hjónum í kvöldteiti hingað í Túnfót ásamt ónafngreindum nágrannahjónum úr svipuðu fagi.

Ég spurði eftir á. "How did you like them?" Svar: "They were very nice. He is a clever man, but she is very loud." Hvað með mig? Spurði ég. "Dont worry, you were alright, I know all about you."

Þar með kveð ég vin minn Barry, sem var eins skemmtilegur og Bretar geta verið og er það nú slatti.

Stoltastur er ég af því að hafa fengið hann til að veiða á maðk og flotholt í stað flugu, en hann kallaði það "cheating."

Ég sendi Ingibjörgu og afkomendum þeirra Barry mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Porkell Jónsson



Í HÚSI AFA OG ÖMMU

- Halla Fróðadóttir, Dalsgarði

Af hverju settistu að á æskuheimilinu?

„Þegar afi Jóhann var orðinn einn í stóra Dalsgarði og við sex stykki í litla, þá voru gerð hússaskipti. Jóhann afi flutti í litla Dalsgarð og hér ólst ég upp í stóra.

Þegar ég var í mínu sjö ára námi í útlöndum, ákváðu foreldrar mínir að flytja í miðbæinn og selja Dalsgarð. Við Hákon Pétursson, eiginmaður minn, sem á yngri árum bjó einnig í dalnum, gátum ekki hugsað okkur, að það yrði selt og keyptum húsið. Hér áttum við okkar bestu minningar og hér erum við með náttúruna allt um kring og land til að hreyfa okkur í.”

Halla og Hákon reka stórt heimili, eiga þrjá stráka og eru yfirleitt með aukafólk í fæði og húsnæði. Bablu ungar maður frá Nepal hefur búið hjá þeim sl. sex ár, kom hér sem au pair og endaði sem einn af fjölskyldunni.



Dalsgarður

Í Dalsgarði hefur aldrei neinum verið úthýst. Þar var ævinlega tekið á móti fólki hvaðan sem það kom, í hvaða ástandi sem var. Það er eins og það loði við húsið.

„Það er frábært að ala upp börn hérna. Við erum með hesta og hunda, stundum hænur og svín og strákarnir taka þátt í þessu öllu.”

Hver finnst þér mesta breytingin á dalnum, síðan þú varst að alast upp?

Trjáræktin hefur breytt hér veðurfarinu.



Halla Fróðadóttir og Fróði.

Allt annað líf að grilla í dag! Hins vegar er umferðin orðin gífurleg hér á Þingvallaveginum, bæði hættuleg og hávaðasöm. Eitt breytist þó ekki. Almenningsgöngur. Þær verða verri með hverju árinu sem líður, þrátt fyrir fjölgun fólks. Ég næ því ekki alveg.

Halla ekur til vinnu á Landspítalanum á hverjum degi, háir það henni í vinnu að búa upp í dal?

„Nei ég er alin upp við þessar keyrslur og finn ekki fyrir þeim, fæ næði til að hugsa.”

Halla situr yfir nýjum teikningum af hjarta hússins, eldhúsinu, þar sem margur hefur þegið sofa.

„Hér ætlum við að snúa öllu við að gamni. Bara 180 gráðu beygja. Það verður að halda gömlum húsum við og hver kynslóð hefur nýjar þarfir og breytta sýn.”

Við kveðjum Höllu og syni hennar útötuð í rjómaöfllum í miðjum lægðaganginum, heppin að finna bílinn.

WWW.MOSFELLSDALUR.IS

VEIÐIHORN GUÐNA

Guðni Bjarnason á Hraðastöðum



Þessi er búinn að ná sér í morgunmat.

„Það er töluverð umferð á rebbanum í landi Mosfellsbæjar og voru skotnir 43 refir í bæjarlandinu.”

Minkar eru líka á ferðinni og náðust 76 minkar, en eftir að Reykjavíkurborg hætti að eyða mink í sundaeyjunum hefur minknum fjölgað í okkar nágrenni, aðallega við Varmá og Leirvogsa. Mosfellsbær þarf því að sjá um höfuðborgarminkana. Það náðust um 300 sílamávar, en þeir hafa lagst í mófuglavarpið, þannig að sér á. t.d. voru hér mörg rjúpnahreidur í vor en þegar kom fram á vetur sást að fáir ungar komust upp. Það má segja að búið sé að eyða varpi sílamávs í Helgafelli og Úlfarsfelli, en nóg er af geldfugli, sem flýgur af haugunum á Sorpu og langt upp í land. Mófuglsegg og ungar eru á veisluborði mávanna og því fækkar mófuglum ört í bæjarlandinu. Það er erfitt að ná sílamávnum, hann er var um sig og verður ekki upprættur nema með sameiginlegu átaki Reykjavíkurborgar og nágrennasveitarfélaga. En áhuginn er ekki fyrir hendi. Því miður.

Mosblikk ehf
Öll almenn blikksmiði
sími 894 1236

Gakktu í bæinn

Fasteignasalan BAER opnar fyrir þér dyrnar að fasteignamarkaðnum



Guðbjörg Guðbergsson,
Hjálpar Fasteignamat

FASTEIGNASALAN BAER
www.fasteignasalan.is
Kópavogi og Selfossi



HÁGÆÐA SMUREFNI



Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3

www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

Ferðapjónustan og bókaútgáfan

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími 820-0320
Netfang: bjarnasonbjarki@gmail.com

Bjarki Bjarnason

Dalsgarður
- við gerum rósir

Blómasala alla daga
kl. 9.00-12.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland
Sími/tel: +354 566 7490
Fax: +354 566 7610
Netfang/e-mail: dalsgardur@simnet.is

SAGA AF BRÚ

- Göngubrúin yfir Jónsselslæk



Göngubrúin yfir Jónsselslæk. Rennslíð jókst um nóttina og náði upp í brúargólfíð.

Göngubrúin yfir Jónsselslæk á göngu-leiðinni að Helgufossi, fór á flot einn góðan veðurdag í miklum vatnavöxtum. Hún hvarf alfarið og var farið að leita. Vikum síðar fannst hún fyrir neðan Golf-skálann. Handriðslaus, en brúkonarhæf. Var nú brúin sett upp aftur með nýju handriði, sem sett var á, en öfugt. Brúin er því stórhættuleg og bæjaryfirvöld beðin um að snúa handriðinu við. Það hefur vafist fyrir þeim í nær tvö ár og varla verður neitt aðhafst fyrr en einhver dettur milli handriðs og brúar. Þá kannski vaknar einhver? Þetta er auglýst gönguleið og það er varla að dagur líði að hópur sé ekki að ganga upp að Helgufossi.



**VERKFÆRA
SALAN**

WWW.VFS.IS

FRJÁLS FRAMLÖG

Þeir sem vilja styrkja Víghól og útgáfu Dalalæðunnar geta greitt inn á reikning félagsins 315-26-6411
Kennitala: 641198-2779

**Víghóll, samtök íbúa
í Mosfellsdal**

HEIMASÆTAN KOMIN Í SVEITINA

- Árni Kópsson er nýr eigandi Seljabrekku



Seljabrekka öðlast nýtt líf.

Vestfirski hestaflabóndinn Árni Kópsson hefur fest kaup á jörðinni Seljabrekku. Árni Kóps er mörgum kunnugur, enda duglegur ævintýramaður hér á ferð, sem gerði garðinn frægan fyrr á árum með akstri Heimasættunnar í torfærukeppnum. Árni er kafari sem rekur fjölskyldufyrirtækið Vatnsborun ehf. og hefur verið í borunarbransanum í 25 ár. Á Seljabrekku verða höfuðstöðvar Vatnsborunar þar sem reiðhöllin verður nýtt sem tækja- og vélageymsla.



SKÓGRÆKT

- Svæði Skógræktarfélags Mosfellsbæjar í Mosfellsdal



Það má hressa upp á lúpínurnar með ýmsu móti.

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar var stofnað árið 1955 og hefur á þeim tíma haft mikil áhrif á umhverfi sveitarfélagsins með skógrækt og uppbyggingu útivistarsvæða. Fyrstu áratuginu var megináhersla lögð á nýgróðursetningar trjáplantna en seinni árin hefur áherslan breyst yfir í aukna umhirðu og notkun skóganna til útivistar. Þau svæði sem Skógræktarfélagið hefur til afnota og umsjónar í Mosfellsdal eru í Helgafelli, Norður-Reykjalandi, Æsustöðum, Varmalandi, Minna-Mosfelli og Langahrygg. Á þessum svæðum hófst skógrækt fyrst í kringum 1990 með tilkomu Landgræðsluskóga og hefur staðið yfir fram á þennan dag. Skógrækt hefur gengið mjög vel í Dalnum og komnir upp vöxtulegir skógar t.a.m. í Æsustaðahlíð.

Nýjasta svæðið er á Langahrygg þar sem skógrækt hófst fyrir nokkrum árum. Þar hefur verið settur upp minningarreitur um hjónin Hjálmar R. Bárðarson og konu hans Else S. Bárðarson, en hann var fjármagnaður í gegnum sjóð sem settur var á laggirnar með styrkfé frá þeim hjónum og var sjóðurinn nefndur eftir þeim. Skógræktarfélagið mun halda áfram gróðursetningum og umhirðu í Dalnum og er stöðugt að leita eftir nýjum skógræktarsvæðum. Skógræktarfélagið tekur hlutverk sitt alvarlega varðandi mótvægisáðgerðir gegn hamfarahlýnun. Skógrækt er einn af þeim lykilkáttum sem notaðir eru til að binda koltvísýring og við sem samfélag í Mosfellsbæ getum lagt okkar að mörkum með því að rækta meiri skóg. Hvetjum við alla þá sem vilja taka þátt í þessu með okkur að skrá sig í félagið. Hægt er að skrá sig í gegnum heimasíðu félagsins:

www.skogmos.is/felagaskraning



Sigga á Gljúfró og Signý á trúnó í Moskógum. 30 árum fyrr, var þetta mýrarfen.

SKÓGRÆKT

- Skógrækt einkaaðila í Mosfellsdal



Gljúfrasteinn án trjáa. ca. 1948

Markviss skógrækt í dalnum hófst á lóðum sumarhúsa, sem reist voru eftir seinni heimsstyrjöld í landi Laxness. Þar voru fremstir meðal jafningja Baldvin Jónsson í Lækjarnesi, Fríman Helgason í „Frímansbústað“ og Poul Ammendrup í Dalakofanum, að ógleymdum Ólafi og Árna Magnússonum frá Mosfelli. Kennarafélag Laugarnesskóla átti landareign í Katlagili í Helgadal og hefur í áratugi stundað uppbyggilegt skólustarf um skóginn. Norðan við gilið eru Grásteinar, en þangað flutti Björn Sigurbjörnsson heilan skóg úr Fossvogi og stofnaði gróðrarstöðina Gróanda. Síðan koma Moskógar, Gvendarreitir og í raun allir sem vettlingi gátu valdið. Það má slá því

föstu að trjárækt sé á hverjum bæ og dalurinn er að umbreytast í einn stóran skóg. Haft var eftir Erlingi á Laugabóli að hitastig við jörðu hafa hækkað um nokkrar gráður þökk sé skjólinu.

Það eru nokkur sígræn tré við Bringnafluggjara sem einhver gróðursetti fyrir sextíu og eittvað árum. Enginn veit hver var að verki, en ef sá hinn sami hefði verið stórtækari og gróðursett meðfram öllum veginum hefði það haft ótrúleg áhrif á veðrakerfi dalsins. Skógarbringur eru ekki nefndar út í loftið. Bringur eru í eigu hins opinbera og þar ætti að hefja skógrækt, eigi síðar en strax, slá tvær flugur í einu höggi, hemja austanáttina og flugviskubitið.

GRÆNMETISMARKAÐUR

TJALDSTÆÐI



MOSSKÓGAR
Sími 663 6173



Kjarnagluggar

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamóa 9 | s: 893 6001
kjarnagluggar@kjarnagluggar.is | kjarnagluggar.is

EKKI MÁ GLEYMA AGLI

Svo er sagt að Sr. Jóhann Knútur Benediktsson, seinast prestur að Kálfafellsstað í Hornafirði d. 1891 hefði oft átt í erjum við drauga og forynjur og þegar á unga aldri. Hann ólst upp í föðurgarði á Mosfelli í Mosfellssveit og lék hann það þá að list og vana að leggja undir sig hauskipunur og önnur bein sem komu upp úr kirkjugarðinum. Fór strákur með þau upp í gil fyrir ofan bæinn, braut þau þar og hafði þau að leikfangi. Faðir hans komst að þessu og ávitaði strák en hann hélt uppteknum hætta. Einu sinni hafði Jóhann litli rekið fé seint um kvöld og var farið að skyggja. Þegar hann kom heim aftur sá hann fjölda fólks í kirkjugarðinum. Þótti honum það furðu sæta og spurði föður sinn þegar hann kom inn hvaða fólk þetta hefði verið, en karl lét lítið yfir því og sagði að ekki væri örvænt um að það væru þeir sem hann hefði tekið beinin frá. Þegar strákur var sofnaður dreymdi hann að væri kominn út í kirkjugarð og var hann þá troðfullur af fólki. Fólk þetta var að stinga saman nefjum og gaf strák illt auga, en hann þóttist verða logandi hræddur. Allt í einu kom maður upp úr kirkjugarðinum, mjög stórvaxinn og bar hann höfuð og herðar yfir allt hitt



fólkið. Maður þessi var hinn tígullegasti að öllu leyti. Hann vék sér að Jóhanni og sagði að þeir kirkjugarðsbúar hefðu kvatt sig til að kveða um dauðann fyrir beinahnupl hans. Maðurinn fór nú að kveða yfir hausamótunum á strák, en hann var ekki uppnæmur og kvað á móti. Þeir kváðust á alla nóttina og vann hvorugur á öðrum. En þegar fór að birta þótti Jóhanni allt hverfa með miklum gný. Ekkert varð honum meint um atburð þennan, en það þóttist hann vita að maðurinn var enginn annar en Egill Skallagrímsson sem sagt er að eigi leg þar í garðinum.

Haft eftir Þorsteini frá Hamri í Ríkisútlitunum.

WWW.MOSFELLSDALUR.IS

ÚR JARÐARBÓK 1702

- Helgadalur

Jarðardýrleiki: Eigandinn kóngl. Majestat. Ábúendur Eyúlfur Eyúlfsson, býr á hálfri, annar Marchús Þórirsson, býr á hálfri. Landskuld ix af allri, geldur hálf hvör. Betalast með fríðu eftir þeim taxta sem áður segir um kóngseignir hjer i sveit. Við til húsabótar leggja ábúendur. Leigukúgildi ii, i hjá hverjum. Betalast með smjöri heim til Bessastaða. Kúgildin uppýngja ábúendur.

Kvaðir eru mannlán eitt af allri jörðunni. Hestlán eitt af báðum til alþingis, item stundum af Eyúlfi til annara sinna erenda og einu sinni norður í land í tíð Jóhanns Klein, og af Marchúsi annað sinn í tíð Jens Jurgenssonar norður í land, átti þá Marchús ekki hest nema þann eina, og var hesturinn í þeirri Bessastaðamanna meðferð frá því mitt í Augusto og fram undir veturnatur. Dagsláttur til Viðeyjar einn af allri jörðunni... Móhestur, stundum einn, stundum tveir, aldrei fleiri. Mótorskurður. Timbursókn í Þingvallaskóg í tíð Heidemanns á tveimur hestum, en hvorki áður nje síðan. Fóður, stundum meira, stundum minna, tvö lömb hið minsta, hestur að öllu hið mesta. Þessa kvöð hefur umboðsmaðurinn Páll Beyer ekki heimtað. Kvikfjenaður hjá Eyúlfi iii kýr, i kálfur, vii ær með lömbum, i ær geld, iii sauðir veturgamlir, ii hestar. Hjá Marchúsi ii kýr, i hestur.

Fóðrast kann vi kýr, x lömb, i hestur. Heimilissmenn hjá Eyúlfi iii, hjá Marchúsi v. Torfrista og stúnga slæm.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Örugg og góð
þjónusta

Sími: 586 8080

www.fastmos.is

Minna-Mosfell Guesthouse

Recommended on
tripadvisor

Minna-Mosfell Guesthouse | 271 Mosfellsbær | Iceland
Phone: (+354) 669 03 66 | www.minnamosfell.is

DÝRALÆKNIRINN

Mosfellsbæ

Urðarholti 2
270 Mosfellsbæ

Sími 566 5066 | 660 0633

Opíð: 9-18 alla virka daga

Neyðarvakt dýraspítala höfðuðborgarsvæðisins opin allan sólarhringinn
530 4888

Gislason

VIÐGERÐIR EHF.

Völuteigi 25

587 2060

SKAFLINN Í MOSFELLINU

- Guðjón Jensson skrifar



Mosfell

Norður í Skagafirði er eitt merkasta fjall á Íslandi, Mælifellshnjúkur.


Seint verður það talið með fegurri fjöllum í landinu en hefur þá sérstöðu að sjást vel af helstu heiðarvegum landsins allt frá Holtavörðuheidi í vestri og allt austur á Sprengisandsleið norðaustan Hofsjökuls. Í austurhlíð Hnjúksins myndast yfir vetrarmánuðina mikill skafl sem minnir einna mest á útlínur hests. Á það vel við enda Skagfirsk hross talin með bestu reiðhestum landsmanna en engum sögum fer um hvaða gang skaflinn sýnir. Á vorin slitnar skaflinn í sundur og að gamalli sögn er sagt að þá séu skýr merki um að Stórisandur sé orðinn fær. Má nánar um þetta lesa í Árbók Ferðafélags Íslands fyrir um áratug sem fjallar um Skagafjörð.

Fyrir á tímum þá landsmenn voru háðari þeim samgöngum sem þá voru algengar og þóttu sjálfsagðar. Þegar einhver átti

leið landveg milli Vesturlands og Reykjavíkur var á vetrum farið fyrir Esjuna um Kjalarnes en leiðin um Svinaskarð milli Móskaðshnjúka og Skálafells var sumarleið og var töluvert styttri. Hún þótti oft mjög erfið eins og gefur að skilja einkum er hún mjög brött norðanmegin og varasöm að sama skapi. Það hefur verið áður því mikilsvert að vita hvenær Skarðið væri fært.

Vestan í Mosfellinu myndast alla vetur allmikill snjóskafli rétt neðan við fjallsbrúna. Í byrjun maí rofnar þessi skafl og því spurning hvort það kunnir að hafa verið hliðstætt merki við Mælifellshnjúksskaflinn. Mjög líklegt er að Svinaskarð sé fært þá skaflinn slitnar en fróðlegt væri að heyra eldri Mosfellinga um þetta náttúru-fyrirbrigði.

Guðjón Jensson



GK
VÍÐGERÐIR

566 6257
Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

Vatnsborun Árna Kóps

Árni Kópsson
893-5699

Ásta Sif
663-1033



www.vatnsborun.is

PRENTUN FYRIR ÞIG



ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

- ✓ www.artpro.is
- ✓ artpro@artpro.is
- ✓ Sími: 520 3200
- ✓ Bíldshöfða 14, Reykjavík

Íslenskur kalkúnn

gæði í yfir 60 ár



Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og
eldunarleiðbeiningar á
kalkunn.is



Holda
KALKÚNN

